

Þriðjudaginn 21. febrúar

Gimli, Lækjargata 3
101 Reykjavík

Mætt eru á fundinn: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir, (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM) og Tinna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Myndlistarmiðstöðvar. Hlynur Helgason (SÍM) forfallast.

Fundur settur kl. 16:10.

Fundargerð:

1. Fundargerð síðasta fundar

- Fundargerð síðasta fundar, 06.01.2023, samþykkt.

2. Myndlistarsjóður, fyrri úthlutun 2023 og matsnefndir

- Tinna greinir frá fjölda umsókna í fyrri úthlutun myndlistarsjóðs, heildarupphæð sem sótt var um og skiptingu milli flokka. Sjá töflu. Myndlistarsjóði hefur aldrei áður borist jafn mikill fjölda umsókna.

FYRRI		ÚTHLUTUN 2023			
Fj. umsókna	Flokkar	Samtals sótt um	%	Úthlutað	%
52	Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrkir	84.707.319	25%	8.000.000	25%
52	Undirbúningsstyrkir	58.202.800	19%	5.000.000	16%
170	Sýningarverkefni	191.041.579	58%	19.000.000	59%
274		334.915.698	100%	32.000.000	100%

- Rætt um skiptingu fjármagns milli styrkjaflokka. Ákveðið að úthluta:
 - 8 milljónum í útgáfu-, rannsóknar- og aðra styrki
 - 5 milljónum í undirbúningsstyrki
 - 19 milljónum í sýningarverkefni
- Ákveðið að tveir meðlimir myndlistarráðs munu sitja í hvorri matsnefnd, eins og í síðustu úthlutun.
 - Anna Jóhannsdóttir og Margrét Elísabet munu sitja í matsnefnd fyrir sýningarverkefni.
 - Hlynur Helgason og Katrín Elvarsdóttir sitja í matsnefnd fyrir undirbúningsstyrki og útgáfu-, rannsóknar og aðra styrki.
- Rætt um gesti í matsnefnd. Tinna mun hafa samband við mögulega meðlimi og upplýsa formann myndlistarráðs um niðurstöðu.
- Ákveðið að matsnefndir munu klára yfirferð föstudaginn 24. mars og næsti fundur myndlistarráðs verður haldinn í kjölfarið, mánudaginn 27. mars kl. 15:00.

3. Innsent bréf frá Sequences

- Bréf frá framkvæmdastjóra Sequences lagt fram til kynningar. Bréfið innihélt bæði fyrirspurn varðandi nýju tilmælin frá myndlistarráði um að skipuleggjendur sendi annaðhvort inn eina umsókn í heild fyrir sýningarröð eða samsýningar í myndlistarsjóð eða að þátttakendur sendi inn umsókn. Eins var lögð fram beiðni um samstarfssamning.
- Erindi bréfsins rætt og myndlistarráð ákveður að ganga ekki til samninga. Tinnu, í samtali við formann, falið að svara Sequences.

4. Myndlistarverðlaunin 2023

- Tinna greinir frá undirbúningi fyrir Myndlistarverðlaunin sem verða afhent fimmtudaginn 16. mars í Iðnó. Dagskráin er að verða tilbúin og viðburðurinn verður kynntur opinberlega á næstu dögum.
- Myndlistarráð ræðir um viðurkenningar myndlistarráðs og fyrirkomulag á því vinnuferli til framtíðar. Rætt um kosti og galla þess að annars vegar myndlistaráð ákveði viðurkenningar og hins vegar dómnefnd ákveði viðurkenningar. Endurskoða þarf rekstraráætlun út frá þessu báðum leiðum.
- Skipa þarf dómnefnd fyrir sýningarárið 2023, Tinna fer í það.

5. Ráðstefna 16. mars.

- Tinna greinir frá ráðstefnu sem er skipulögð 16. mars. Skipuleggjandi er Dorothee Kirch, formaður vinnuhóps myndlistarstefunnar. Ráðstefnan mun eiga sér stað frá kl. 13-17, sama dag og Myndlistarverðlaunin verða afhent. Ráðstefnan er tileinkuð myndlistarmenningu og framtíð myndlistarstarfsemi á Íslandi. Menningar- og viðskiptaráðuneytið og Myndlistarmiðstöð standa að ráðstefnunni.
- Myndlistarráð bókar að æskilegra hefði verið ef ráðstefnan væri skipulögð í samráði við ráðið varðandi dagsetningu og inntak ráðstefunnar.

6. Nýtt merki myndlistarsjóðs

- Tinna kynnir tvær útfærslur af nýju merki unnið af Studio Studio.
- Myndlistaráð lýst vel á báðar framsetningar og vill kanna hvort hægt sé að halda rauða litnum. Tinna miðlar þeim upplýsingum áleiðis og upplýsir myndlistarráð í kjölfarið.

7. Önnur mál

- Erindi frá Steinunni Önnudóttur varðandi óheppilega tímasetningu á umsóknarfresti myndlistarsjóðs, á mánudegi kl. 16:00. Myndlistarráð ræðir og kemst að þeirri niðurstöðu að ávinning þess að hafa umsóknarfrest á skrifstofutíma vegi meira en að hafa umsóknarfrest utan skrifstofutíma.

Fundi slitið kl. 18:10.